

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildir til ársloka 1985.

Menntamálaráðuneytið, 23. apríl 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Pórunn Hafstein.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Reykjavík fyrir tímabilið 1. mars 1985 til jafnlengdar næsta ár.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflíð 2. gr. samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 386/1984, skal vera óbreytt frá fyrra gjaldtímabili, þ. e. a. s. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði kr. 400,00.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið, þ. e. a. s. til 1. mars 1986.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.